

A 1875/hállbart**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

Norræna sjálfbærninefndinr um
norrænar aðgerðir í þágu hafsvæða norðurslóða

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1875/hállbart um norrænar aðgerðir í þágu hafsvæða norðurslóða.

Bakgrunnsupplýsingar

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beindi því til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kæmi á sameiginlegri áætlun um verndun hafsvæða norðurslóða, þ.m.t. frárennslissvæða, og yrði hún heildstæð viðbót við tvíhliða samninga landanna um verndun hafsins og starf Norðurskautsráðsins að verndun hafsvæða.

Örar breytingar á hafsvæðum norðurslóða hefðu gífurleg áhrif á Norðurlöndum og því ættu löndin, ásamt öðrum löndum heims sem finna fyrir afleiðingunum, að hvetja til aukinna og hraðari aðgerða til að koma á sjálfbærri stjórnun norðurslóða. Sem dæmi um þess háttar aðgerðir mætti nefna tímaáætlun fyrir bann við notkun þungolíu, gerð fiskveiðisamninga og eftirlit með nýjum fiskimiðum í miðju Norður-Íshafi og sameiginlegar aðgerðir til að stemma stigu við örplasti og mengandi efnum í frárennslis frá vatnsföllum á svæðinu.

Norðurlöndin hefðu gert tvíhliða samninga um sjálfbærar veiðar á norðurslóðum, t.a.m. í Tanafljóti milli Finnlands og Noregs, Svíþjóðar og Noregs. Þá væru Norðurlöndin aðilar að Norðurskautsráðinu sem stæðu að ítarlegri kortlagningu á vatnasvæðum norðurslóða, áhrifum af mannavöldum á hafsvæðið, jarðefna- og olíuvinnslu, fiskveiðum og skipaumferð. Norðurskautsráðið greindi og miðlaði upplýsingum um hraðar loftslagsbreytingar á norðurslóðum, t.a.m. breytingum á hafissvæðum, dýrastofnum og súrnun sjávar. Þrátt fyrir að tvíhliða samningar



landanna og aðild þeirra að Norðurskautsráðinu stuðluðu að samstarfi og upplýsingaskiptum gætu Norðurlöndin lagst á eitt um að dýpka samstarf sitt enn frekar á þessu svæði.

Nefndin fjallaði um þingmannatillöguna í fyrsta sinn á fundi sínum 28. júní 2021. Þá var ákveðið að vinna áfram með tillöguna og bjóða fulltrúa Norðurskautsráðsins á nefndarfund. Á fund nefndarinnar 7. september 2021 komu Soffía Guðmundsdóttir frá Norðurskautsráðinu og Jessica Nilsson, formaður PAME, sem kynntu vinnu Norðurskautsráðsins á þessu sviði.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vekur athygli á að það er Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins árin 2017–2021 og 2022–2024 sem myndar rammann utan um verkefni og starfsemi á norðurslóðum. Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum létu í ljós ósk um að auka samstarf um norræn hafsvæði í ráðherrayfirlýsingunni um hafið og loftslagsmál. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram ósk um að auka viðnám gegn loftslagsbreytingum á norrænum hafsvæðum. Hvað varðar stjórnun norrænna hafsvæða kemur fram í Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál (2020–2024) að Norðurlöndin muni vinna að vistfræðilega samhangandi tengslaneti verndaðra svæða, og að ríkisstjórnirnar muni styðja vistfræðilega skipulagningu og stjórnun sjávarauðlinda.

Nefndin náði ekki samstöðu um að styðja tillöguna. Norræn vinstri græn lýstu yfir efasemdum um tillöguna. Þau spurðu hvers vegna væri einblínt á hafið en ekki aðrar auðlindir og óskuðu eftir við umfjöllun um tillöguna að fram kæmi hvort um væri að ræða sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda eða sjálfbærni almennt. Þá benti flokkahópurinn á að reglur séu í gildi um norðurhöf og því sé vafasamt að norræn stefna bæti nokkru nýju við. Magnus Ek úr flokkahópi miðjumanna bar upp spurningu um hvað Norðurlöndin í sameiningu gætu gert til að efla samstarfið um norðurslóðir.

Þegar tillagan var rædd í annað sinn létu Norræn vinstri græn, flokkahópur jafnaðarmanna og flokkahópur hægrimanna í ljós að þau styddu ekki tillöguna, m.a. með þeim rökum að stjórnun meirihluta hafsvæðanna væri í höndum landanna sjálfra og að einnig giltu reglur um svæðið. Nefndarmenn sem greiddu atkvæði með tillögunni voru Magnus Ek, Simon Hallstrøm og Rebecca Le Moine. Norrænt frelsi sat hjá. Flokkahópur hægrimanna nefndi sérstaklega að betur færi á að styðja við Norðurskautsráðið en að leggja frekara fjármagn í nýtt verkefni. Niðurstaðan var að styðja ekki tillöguna.



Kaupmannahöfn, 5. janúar 2022

Anders Kronborg (S)

Atte Kaleva (saml)

Doris J. Jensen (S)

Emilia Töyrä (S)

Magnus Ek (C)

Maria Stockhaus (M)

Ola Elvestuen (V)

Rasmus Ling (MP)

Rasmus Nordqvist (ALT)

Simon Holmström (HI)

Sofia Geisler (IA)

Staffan Eklöf (SD)

Tove Elise Madland (A)

Vilhelm Junnila (saf)